

# VERKFÆRAKISTA

í boði  
forsætisráðuneytis



island.is



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

RAFRÆN  
Skjalaskil

## Verkfærakistan

Forsætisráðuneytið hefur komið upp verkfærum til að auðvelda opinberum aðilum að bjóða upp á rafræna þjónustu fyrir viðskiptavinum sína. Þessi verkfæri standa öllum opinberum stofnunum og sveitarfélögum til boða með litlum tilkostnaði af þeirra hálfu. Um er að ræða eftirfarandi verkfæri:

1. Auðkenning á Island.is
2. Rafræn skjalaskil á Island.is
  - a. Aðstoð við að búa til útfyllanleg rafræn skjöl
  - b. Rafræn skil á eyðublöðum
3. Rafrænt þjónustulag

## Auðkenning á Island.is

### Þjónusta Island.is

Auðkenningarþjónusta Island.is má nota til auðkenningar inn á lokaðar síður stofnana og sveitarfélaga, svokallaðar „Mínar síður“. Þarna geta opinberir aðilar dregið úr útgjöldum og fyrirhöfn miðað við að þeir hefðu sjálfir þurft að koma sér upp móttöku skilríkja eða notendalista með lykilorðum.

### Auðkenning í boði

1. Veflykill ríkisskattstjóra. Allir Íslendingar 16 ára og eldri geta fengið veflykil og þegar í stað nýtt sér þá þjónustu sem byggir á auðkenningunni.
2. Rafræn skilríki á debetkorti. Þetta er öruggasta auðkenningarleiðin og er ætluð sem framtíðarlausn þegar landsmenn eiga þess kost að verða sér úti um slík skilríki.

### Ferli við auðkenningu

1. Ferlið getur hafist á vef viðkomandi stofnunar eða á Island.is.
2. Viðskiptavinur smellir á auðkenningarhnapp sem flytur hann á auðkenningarsíðu Island.is. Á síðunni kemur fram bæði lógó Island.is og lógó viðkomandi stofnunar.
3. Viðskiptavinur auðkennir sig með viðeigandi skilríki.
4. Viðskiptavinur flyst tilbaka á „Mínar síður“ viðkomandi stofnunar.

### Uppsetning

1. Stofnun þarf að senda lógó og síðu sem á að birtast eftir auðkenningu til forsætisráðuneytis.
2. Tæknilegt auðkenningarferli.
  - a. Eftir auðkenningu skilar Island.is SAML-skírteini í rafræna þjónustulagið.
  - b. Stofnunin gerir vefþjónustukall í rafræna þjónustulagið til að sækja SAML- skírteinið.
  - c. Þegar stofnunin hefur sótt SAML-skírteinið þarf að aðgæta hvort undirritun þess sé gild.

# Rafræn skjalaskil á Island.is

## Þjónusta Island.is

1. Aðstoð við að búa til útfyllanleg rafræn skjöl. Þessi þjónusta hentar vel þeim sem eru með mörg eyðublöð og sjá fram á að langan tíma taki að umbreyta þeim öllum úr hefðbundnum DOC/PDF-skjölum yfir í veflægt form (HTML).
2. Rafræn skil á eyðublöðum í gegnum Island.is. Þessi þjónusta gerir einstaklingum kleift að senda skjöl rafrænt eftir að hafa auðkennt sig. Hún er sérstaklega ætluð stofnunum sem ekki sjá sér fært að leggja í stórar fjárfestingar varðandi rafræn skjalaskil eða telja kostnað við rafræn skil eyðublaða vera meiri en hagræðingu sem honum fylgir.

## Ferli við rafræn skjalaskil

1. Viðskiptavinur sækir eyðublað á PDF formi á Island.is eða vefsíðu stofnunar. Eyðublaðið er opið fyrir innslátt í reiti. Hann fyllir út nauðsynlegar upplýsingar og vistar skjalið á tölvunni sinni. Einnig safnar hann saman fylgiskjölum ef við á.
2. Viðskiptavinur auðkennir sig á Island.is með annað hvort rafrænum skilríkjum eða veflykli ríkisskattstjóra. Auðkenningin er staðfesting á því að sendandinn sé sá sem hann segist vera.
3. Viðskiptavinur hleður upp eyðublaðinu ásamt fylgiskjölum í sérstökum „skilaglugga“ á Island.is og gefur einnig upp netfang.
4. Skjölín eru send á viðkomandi stofnun og viðskiptavinur fær staðfestingu í tölvupósti um að skjölín hafi verið móttækin. Stofnunin getur nú unnið með skjalið handvirkt eða sjálfvirkt.

## Uppsetning

Til þess að setja upp skjal fyrir rafræn skil þarf að útbúa eyðublað (PDF skjal) sem hægt er að fylla út. Einnig þarf að setja í það einkenni sem merkir skjalið stofnuninni sem á eyðublaðið. Island.is útbýr þetta einkenni og sér um aðrar uppsetningar vegna eyðublaðsins. Það eina sem stofnun þarf að gera er að koma sér upp netfangi með „auto reply“ vegna staðfestingar á móttöku. Eyðublaðinu er komið fyrir á vefsíðu viðkomandi stofnunar eða á Island.is ásamt hlekk á síðuna „Rafræn skjalaskil“ á Island.is“.

## Ávinningur

Ávinningur fyrir einstakling er að hann getur notað tölvuna sína til að sækja, fylla út og skila eyðublaði án þess að fara úr húsi og hann getur notað eitt rafrænt skilríki eða sama veflykil fyrir mismunandi þjónustu hjá mörgum stofnunum.

Ávinningur fyrir stofnanir er minna álag á afgreiðsluborð. Rafrænum skilum er komið á án þess að stofnunin þurfi sjálf að koma sér upp lausnum til auðkenningar, kennitala sendandans er staðfest og skjölín berast rafrænt til frekari úrvinnslu með öruggum hætti samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um rafræn samskipti.

# Rafrænt þjónustulag

## Markmið

Markmiðið með rafrænu þjónustulagi er að auðvelda opinberum stofnunum að bjóða upp á rafræna þjónustu og aðgang að gögnum auk þess að bjóða upp á ýmsar miðlægar lausnir sem nýtast mörgum stofnunum.

## Hvað er rafrænt þjónustulag?

Rafrænt þjónustulag er samskiptalag fyrir þjónustu opinberra aðila sem gerir stofnunum kleift að skiptast á gögnum og nýta sér tilbúnar þjónustueiningar eins og auðkenningu, rafræn skjalaskil, rafrænar greiðslur og fleira. Einnig má líta á þjónustulagið sem eins konar gátt inn á þjónustu og gögn opinberra aðila.

## Tenging við rafrænt þjónustulag

### Þjónustuveitandi

Tenging stofnunar við rafrænt þjónustulag byggir á því að skrifuð er vefþjónusta sem lýsir því hvernig gögn stofnunar muni líta út. Umfang vinnunnar við að þróa vefþjónustur fer eftir eðli gagnanna og þjónustunnar sem til stendur að veita. Rafræna þjónustulagið gerir ekki sérstakar kröfur til þessara vefþjónusta. Auk þessa þarf að opna eldvegg eða eldveggi eftir atvikum til að gera þjónustulaginu kleift að kalla á hlutaðeigandi vefþjónustur. Til viðbótar framangreindu þarf annars vegar að skrá vefþjónustuna á rafræna þjónustulagið og hins vegar að útbúa notanda sem má nota þjónustuna. Hér er miðað við að notendur þjónustu á rafræna þjónustulaginu auðkenni sig með notandanafni og lykilorði. Síðar verður boðið upp á aðrar aðferðir til auðkenningar.

### Þjónustunotandi

Ef sá sem notar þjónustu, sem veitt er á rafræna þjónustulaginu, sækir hana úr hugbúnaðarkerfi, öðru en vefvafra, þarf hugsanlega að hleypa umferð frá því kerfi inn á þjónustulagið. Eins og getið var um hér að framan þarf í vissum tilvikum að stofna notanda fyrir hverja þjónustu sem í boði er í þjónustulaginu auk þess sem huga þarf að eldveggjum til að koma megi á sambandi milli gagna- og þjónustuveitanda annars vegar og þess sem þjónustuna hyggst nota hins vegar.

## Öryggi

Staðlaðar öruggar aðferðir eru notaðar fyrir öll samskipti yfir Netið, t.d. þegar veflykill er sleginn inn, þegar auðkenni viðskiptavinar er staðfest og þegar eyðublað er sent.